

Nafn/nöfn: _____ Hópur: _____

Ritgerðarspurning á prófi

Viðfangsefni: _____

Inntakspættir (80) _____

Stig alls (100): _____

Svar við spurningum

Höf. gerir sér ljóst hvað um er spurt og svarar samkvæmt því. Svárið er skipulega reifað og dregin fram aðalatriði í því sem máli skiptir fyrir svárið. Engir óþarfa útdúrar.	A Á B D ð	Höf. virðist ekki hafa skilið spurningarnar eða kys að leiða þær hjá sér. Hann fjallar vissulega um efnið, vel eða illa eftir atvikum, en ekki á þeim forsendum sem spurt er um.
---	-----------	--

Innsæi og skilningur, sjálfstæði og frumleiki

Höf. nálgast efnið á sjálfstæðan hátt, umfjöllun ber vott um djúpan skilning á efninu og innsæi höfundar í það sem máli skiptir fyrir hann sjálfan. Höfundur vegur og metur á eigin forsendum.	A Á B D ð	Höf. nálgast efnið hlutlaust og segir frá án þess að glæða það lífi eigin reynslu, skilnings eða skoðana. Ekki kemur fram neinn sérstakur skilningur höf. eða afstaða, og mikið um orðréttar endursagnir.
--	-----------	---

Umfang umfjöllunar

Farið skipulega í flesta eða alla þætti viðfangsefnis og þeim gerð góð skil, ítarleg umfjöllun frá mörgum hliðum.	A Á B D ð	Umfjöllun takmarkast við fá atriði eða tæpt á mörgum atriðum án þess að gera nokkru fyllileg skil. Stutt og rýrt.
---	-----------	---

Þekking á efni

Svar ber vott um fullan skilning á efninu. Höfundur getur fjallað um efnið með eigin orðum, túlkað það, metið og tengt það annari þekkingu, fyrri reynslu eða starfi sínu. Öllu til skila haldið í samfelldri frásögn og skýr greinarmunur á aðalatriðum og aukaatriðum.	A Á B D ð	Höfundur hefur takmarkaðan eða yfirborðslegan skilning á efninu og víða gætir nokkurs misskilnings. Hann getur ekki yfirfært þekkingu sína eða tengt við aðra þekkingu, fyrri reynslu eða starf á sannfærandi hátt.
--	-----------	---

Framsetning (10) _____

Heildarbygging

Heildarbygging er skipuleg og skiptist í inngang, meginmál og niðurlag. Hver efnisþáttur er tekinn skipulega fyrir í afmörkuðum efnisgreinum og heildarsamhengi skýrt og rökrétt. Umfjöllun er opnuð í inngangi og lýkur með sannfærandi hætti í niðurlagi.	A Á B D ð	Heildarbygging er óljós, lítil eða engin merki um inngang, meginmál og niðurlag. Farið er úr einu í annað án sýnilegs röksamhengis og mikið um endurtekningar. Heildarhugmynd lesanda í lokin brotakennd.
---	-----------	---

Efnisgreinar

Lesmál markvisst afmarkað í efnisgreinum. Hver efnisgrein hefst á lykilstetningu sem opnar nýja hlið umfjöllunar og tengir við það sem á undan er komið. Umfjöllun í grein skipuleg og í samræmi við opnun þannig að aðalatriði koma skýrt fram. Eðlileg lok.	A Á B D ð	Skipting í efnisgreinar tilviljanakennd. Lykilsetning opnar ekki nýtt svið, tengir ekki og á ekki við allt efni greinarinnar, heldur er ólíku efni blandað saman og farið úr einu í annað án sýnilegs röklegs samhengis. Óljós hugmynd um meginatriði og lok efnisgreinar binda ekki sérstakan enda á neitt.
---	-----------	--

Málfar, stafsetning og frágangur (10) _____

Málfar og stafsetning í prófi

Vandað mál, laust við málvillur, nástöðu og önnur lýti. Markviss ritmálsstíll, fjölbreytt setningaskipan, orðaval auðugt og safaríkt. Tilþrif í stíl þar sem við á. Stafsetning og greinarmarkjasetning samkvæmt öllum reglum og venjum. Sérstaklega er litið á kommur, tvípunkt, gæsalappir, sviga og önnur sértákn.	A Á B D ð	Málvillur margar, kauðalegt orðalag, endurtekning sömu orða, setningaskipan og orðaval einhæft og bragðdauft. Engin tilþrif í stíl eða þá tilþrif mistakast. Of margar stafsetningarvillur. Notkun kommu og annarra greinarmarkja tilviljanakennd, í ósamræmi eða vantar. Óþörf bil eða bil vantar á réttum stöðum.
--	-----------	--

Frágangsatríði

Greinaskil skýrt auðkennd og hæfileg blaðrönd á alla vegu. Tilvitnanir rétt afmarkaðar. Höf. notar inndrátt, depla- eða talnamerkingar og aðra tilbreytingu í framsetningu markvisst þar sem við á. Verkefnið er skýrt og skipulega merkt og skipulagt.	A Á B D ð	Greinaskil óljós, þröng blaðrönd eða ójöfn. Tilvitnanir illa afmarkaðar. Höf. nýtir sér ekki möguleika í uppsetningu til að gera framsetningu skýrari eða gerir það illa. Verkefnið er ekki fyllilega rétt merkt og skipulag er óljóst.
---	-----------	---